

| | 1 | 5 | 10 |
|--|--|---|--|
| Lýsing verkefnis | Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi, markmið óljós, rökstuðningur takmarkaður og afurð óljós. | Lýsing á verkefninu takmörkuð, markmið og rökstuðningur í lagi, líklegt að verkefnið skili ásættanlegri afurð. | Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, markmiðin ljós, rökstuðningur góður og afurð verkefnisins ljós. |
| Verk- og tímaáætlun | Verk- og/eða tímaáætlun ófullnægjandi. | Verk- og/eða tímaáætlun ásættanleg. | Verk- og tímaáætlun, sundurliðuð og trúverðug, vörður skilgreindar. |
| Kostnaðaráætlun / Fjármögnun | Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun ófullnægjandi. | Kostnaðaráætlun og/eða fjármögnun ásættanleg. | Kostnaðaráætlun og fjármögnun skýr og líkleg til að ganga eftir, vel sundurliðuð, trúverðug. |
| Áherslur/markmið Sóknaráætlunar | Ekki ljóst hvernig verkefnið tengist áherslum/markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra | Verkefnið fellur að áherslum/markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra | Verkefnið fellur mjög vel að áherslum/markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra |
| Samfélags áhrif /virði | Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif og virði þess fyrir samfélagið óljóst. | Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og virði fyrir samfélagið. | Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum á einn eða fleiri þætti: atvinnu, menningu, mannlíf og samfélag. |
| Afurð / Afrakstur / Mælikvarðar | Afurð og afrakstur verkefnisins óljós. Mælikvarðar ekki skilgreindir. | Mælikvarðar eru ásættanlegir og líkur á að verkefnið nái fram að ganga og árangur náist. | Afurð og/eða afrakstur skýr. Trúverðugir mælikvarðar og miklar líkur á að verkefnið nái þeim árangri sem stefnt er að. |
| | 1 | 10 | 20 |
| Listrænt / menningarlegt gildi | Ekki ljóst hvernig verkefnið hefur áhrif á listrænt eða menningarlegt gildi svæðisins því til framtíðar. | Verkefnið mun hafa nokkur áhrif á listrænt eða menningarlegt gildi svæðisins. | Verkefnið hefur talsverð áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins. |
| Atvinnu- og nýsköpunargildi | Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi ófullnægjandi | Líkur á atvinnusköpun a.m.k. tímabundið og/eða nýsköpun sem eykur styrk svæðisins. Væntingar um aukna fagmennsku og fjölbreytni. | Verkefnið mun veita atvinnu og styrkja atvinnusköpun til lengri tíma. Miklar líkur á fjölgun starfa. Aukin fagmennska og fjölbreytni í störfum. |
| | 1 | 10 | 20 |
| Heildarmat | Mjög litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda ekki til þess að verkefnið takist vel. Bakgrunnur umsækjanda og forsendur verkefnisins eru ekki líklegar til þess að verkefnið muni ganga vel. | Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda til þess að verkefnið takist vel. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda til þess að verkefnið muni ganga vel. | Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda eindregið til þess að verkefnið muni ganga vel. |